

**STJÓRNARFUNDUR Á SVEITASETRINU GAUKSMÝRI
MIÐVIKUDAGINN 15. DESEMBER 2010 KL 09:30.**

Miðvikudaginn 15. desember 2010 kom stjórn SSNV saman til fundar í Sveitasetrinu Gauksmýri. Mætt voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Sigurjón Þórðarson, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat fundinn undir 1. lið. Undir 2. lið sat fundinn Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnáði.

1. SSNV málefni fatlaðra

- a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 13.10.** GSG kynnti einstaka liði.
- b. **Fundargerð þjónustuhóps frá 24.11.** GSG kynnti einstaka liði. Vegna 4. liðar fundargerðarinnar samþykkir Stjórn SSNV að fenginni tillögu þjónustuhóps að við yfirfærsluna verði áfram unnið eftir núverandi skipulagi, formi og þjónustuuppbyggingar byggðasamlagsins og þjónustusamningur við sveitarfélögin taki mið af því. Á komandi ári verði skipulag endurmetið út frá fjármögnun vegna jöfnunarkerfis og þjónustumats. Að öðru leiti eru ekki athugasemdir við fundargerðina.
- c. **Fjárhagsáætlun 2011.** GSG kynnti helstu forsendur fjárhagsáætlunar vegna ársins 2011. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir heildarkostnaði við málaflokkinn uppá 400.667.727 kr. Samkvæmt heildarsamkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu málefna fatlaðra er gert ráð fyrir sama fjárhagsramma fyrir árið 2011 og gildir árið 2010 og muni fjárframlög skila sér til þjónustusvæða á í sama hlutfalli og árið 2010. Umræður urðu um áætlunina, framtíðarsýn á málaflokkinn og skipulag. GSG og framkvæmdastjóri svöruðu fyrirspurnum. Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2011. Jafnfram samþykkir stjórn að áætlunin skuli tekin til endurskoðunar þegar fjárveitingar til byggðasamlagsins liggja betur fyrir og skal þeirri vinnu lokið fyrir 1. apríl 2011.
- d. **Þjónustusamningur sveitarfélagana og byggðasamlagsins.** Lögð fram drög að þjónustusamningi milli byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra og aðildarsveitarfélagana byggðasamlagsins. Verkefnistjóra og framkvæmdastjóra falið að lagfæra texta í samræmi við umræður á fundinum og senda samninginn aðildarsveitarfélögunum til staðfestingar.
- e. **Tillaga um fyrirkomulagi fjárstreymis sveitarfélagana til byggðasamlagsins.** Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að fjárstreymi á 0,25% útsvarstofns sveitarfélagana til byggðasamlagsins. Stjórn SSNV leggur til að fyrirkomulag greiðslna sveitarfélagana til byggðasamlagsins verði í formi mánaðarlegra jafnra greiðslna sem byggja á áætlun Sambands íslenskra sveitarfélagana um þróun útsvars í sveitarfélögunum fyrir komandi ár. Uppgjör ofgreiddra eða vangreiddra framlaga sveitarfélagana til byggðasamlagsins vegna liðins árs fer fram þegar ársuppgjör staðgreiðslu liðins árs liggur fyrir. Greiðslur byggðasamlagsins til þjónustusvæðanna verða með sama sniði og verið hefur þ.e jafnar mánaðarlegar greiðslur skv. samþykktri fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.

- f. **Uppgjör til þjónustusvæðanna vegna ársins 2009.** Stjórn samþykkir að uppgjör til þjónustusvæðanna vegna ársins 2009 verði eftirfarandi;
- | | | |
|-----------------|---------|---|
| Húnaþing vestra | - | 45.916 kr |
| Austur Hún. | - | 1.934.825 kr |
| Skagafjörður | - | 2.140.318 kr. |
| Siglufjörður | 138.704 | kr og kemur til frádráttar greiðslum fyrir árið 2010. |
- Samtals nema uppgjörsgreiðslur vegna ársins 2009 3.982.355 kr.

- g. **Fundargerð þjónustuhóps frá 14.12.2010.** GSG kynnti einstaka liði.

2. SSNV atvinnuþróun

- a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.
- b. **Samantekt málfings um Hveravelli frá 23. Október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar 2011.** Framkvæmdastjóri lagði fram drög að starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2011. Umræður urðu um áætlunina. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
- d. **Endurnýjun Vaxtarsamnings- staða mála.** Framkvæmdastjóri fór yfir fund með fulltrúa Iðnaðarráðuneytisins vegna endurnýjunar Vaxtarsamnings. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
- e. **Önnur mál.**
1. Rætt um stefnumótun SSNV atvinnuþróunar. Samþykkt að ræða málið á næsta fundi.

3. **Fjárlög 2011- yfirlit.** Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir þróun fjárveitinga af fjárlögum til einstakra stofnana og verkefna á Norðurlandi vestra 2009-2011. *Stjórn SSNV lýsir yfir miklum vonbrigðum yfir þeim mikla niðurskurði sem stofnanir og verkefni á starfssvæði SSNV þurfa að taka á sig í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011. Það sætir mikilli furðu að Norðurland vestra sem búið hefur við mikla byggðaröskun og neikvæðan hagvöxt undanfarin ár skuli vera gert að taka á sig meiri hlutfallslegan niðurskurð en almennt gerist hvort sem um er að ræða heilbrigðisstofnanir, framlög til vegamála, niðurgreiðslur til húshitunar eða einstakara stofnana. Slíkt er varla hægt að túlka á annan veg en ríkjandi stjórnvöld láti sig íbúa og byggð á Norðurlandi vestra litlu máli skipta. Minnt er á að meint góðæri árana fyrir hrun kom lítið fram á svæðinu með tilheyrandi veikingu í byggðalegu tilliti. Þrátt fyrir það er niðurskurðarhnífnum beitt af fullum þunga á svæðinu þvert á fyrirheit um þeim skuli hlíft sem hvað höllustum fæti standa. Stjórnin skorar á ríkisstjórn Íslands og alþingismenn NV kjördæmis að standa með sveitarfélögum, atvinnulífi og íbúum á Norðurlandi vestra og láta af því sem kalla má niðurskurðareinelti, og m.a birtist í frumvarpi til fjárlaga ársins 2011.*

4. **Stefnumótun í almenningssamgöngum á Íslandi.** Formaður og framkvæmdastjóri skýrðu frá fundi með fulltrúum samgönguráðuneytisins þar sem kynnt voru drög að stefnumótun í almenningssamgöngum á Íslandi. Drögin voru jafnframt lögð fram til kynningar.

5. **Endurnýjun menningarsamnings – staða mála.** Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri SASS áttu með menntamálaráðherra þann 14. Desember s.l þar sem til umræðu var endurnýjun menningarsamninga ríkisins og landshlutasamtaka sveitarfélaga.
6. **Bréf jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 18.11. 2010.** Í bréfinu eru kynnt uppgjör vegna ársins 2009 á lögbundinni 2% hlutdeild landshlutasamtaka sveitarfélaga í tekjum jöfnunarsjóðs.
7. **Endurskoðun sveitarstjórnarlaga – 97. gr. landshlutasamtök sveitarfélaga.** Stjórn gerir ekki athugasemdir við texta greinarinnar.
8. **Erindi Snorraverkefnisins.** Í erindinu er óskað fjárstuðnings við verkefnið. Stjórn hafnar erindinu.
9. **Fundargerðir og ályktanir.**
 - a. **Tillaga að ályktun aðalfundar SSH 2010.** Lagt fram til kynningar.
 - b. **Fundargerð 438. Fundar stjórnar SASS.** Lagt fram til kynningar.
 - c. **Fundargerð 218. Fundar stjórnar Eyþings.** Lagt fram til kynningar.
 - d. **Fundargerð 781. Fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
 - e. **Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra.** Lagt fram til kynningar.
10. **Frumvörp til umsagnar**
 - a. **Tillaga til þingsályktunar um formlega innleiðingu fjármálareglna(vöxtur ríkisútgjalda) 59. mál.** Veitir ekki umsögn.
 - b. **Frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga (EES reglur, heildarlög) 121. mál.** Veitir ekki umsögn.
 - c. **Frumvarp til laga um skatta og gjöld (breyting ýmissa laga) 313.mál.** Veitir ekki umsögn.
 - d. **Frumvarp til laga um virðisaukaskatt (rafræn þjónusta, bætt skil, eftirlit o.fl), 208 mál.** Lögð fram til kynningar umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Stjórn SSNV mótmælir harðlega þeim áformum sem fram koma í 11. gr. frumvarpsins um að fella niður endurgreiðslur í húshitunarkostnaði. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt mun það leiða til hækkunar húshitunarkostnaðar á köldum svæðum. Stjórn SSNV minnir á að húshitunarkostnaður á köldum svæðum er tvö til þrefaldur á við húshitun á hitaveitukynntum svæðum.
 - e. **Frumvarp til laga um málefni fatlaðra (flutningur málaflokksins til sveitarfélaga) 256. mál.** Stjórn SSNV mælir með samþykkt frumvarpsins og leggur áherslu á að ekki verði gerðar á því breytingar þar sem það byggir á heildarsamkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu málaflokksins frá 21. nóvember s.l.
 - f. **Frumvarp til laga um kjarasamningsaðild opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins(sérregla um félagsaðild),301. Mál.** Gerir ekki athugasemdir
 - g. **Frumvarp til laga um skeldýrarækt (heildarlög) 201. mál** Gerir ekki athugasemdir



11. Önnur mál

- a. Stjórn SSNV fagnar samkomulagi flugfélagsins Ernis og Samgönguráðuneytisins sem tryggir áframhaldandi innanlandsflug til Sauðárkróks.

- b. Stjórn SSNV mun ekki senda jólakort fyrir jólin 2010 og mun andvirði þeirra renna til góðgerðarmála á Norðurlandi vestra.

Fleira ekki gjört og fundi slitið kl 12:30. Jón Óskar Pétursson fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.